



Samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands

1. Aðilar þessa samnings eru Landspítali kt. 500300-2130 (LSH) annars vegar og Háskóli Íslands kt. 600169-2039 (HÍ) hins vegar.
2. Í samstarfssamningi HÍ og LSH er kveðið á um að komið verði á formlegum samningi um skipulag og rekstur bókasafns LSH þannig að það gegni og hafi stöðu Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Skal í samningnum kveðið á um þjónustuhlutverk safnsins fyrir báðar stofnanirnar, aðgangsmál nemenda og starfsmanna sem og kostnaðarskiptingu.
3. Þjónustuhlutverk Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ.
Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ er höfuðbókasafn fyrir nemendur og fagfólk í heilbrigðisvísindum á Íslandi. Safnið er rekið sameiginlega af LSH og HÍ og lýtur sameiginlegri stjórn. Í stjórn safnsins sitja þrjú menn, yfirmaður Vísindadeildar Landspítala er formaður og að auki tilnefnið hvor stofnun einn aðila. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn safnsins skal skila árlegri skýrslu um starfsemi og rekstur safnsins til framkvæmdastjóra Vísinda- og þróunarsviðs og forseta Heilbrigðisvísindasviðs.
4. Aðgangsmál.
Í samræmi við samstarfssamning LSH og HÍ veitir LSH öllum föstum kennurum og nemendum á Heilbrigðisvísindasviði við Háskóla Íslands aðgang að gögnum Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ meðan á störfum og námi stendur.
5. Kostnaðarskipting.
 - a) Árlega greiðir HÍ sem samsvarar tveimur árs stöðugildum bókasafnsfræðinga á safninu. Þessar greiðslur eru uppfærðar í samræmi við launaþróun samkvæmt kjarasamningum. Greiðslan kemur til endurskoðunar ef breyting verður á stöðugildum bókasafnsfræðinga.
 - b) Árlega greiða LSH og Heilbrigðisvísindasvið HÍ sem samsvarar föstu hlutfalli af kostnaði vegna ritakaupa safnsins (bóka, tímarita og rafrænna gagnasafna utan landsaðgangs) fyrir nemendur innan lækna- og hjúkrunarfræðideilda skv. eftirfarandi skiptingu:

2014: LSH 80%	HÍ: 20%
2015: LSH 75%	HÍ: 25%
2016: LSH 70%	HÍ: 30%
2017: LSH 65%	HÍ: 35%
2018: LSH 60%	HÍ: 40%
 - c) Ákvörðun um árlega fjárveitingu til kaupa á bókum og tímaritum á rafrænu og/eða pappírformi er tekin sameiginlega af forseta Heilbrigðisvísindasviðs og framkvæmdastjóra Vísinda- og þróunarsviðs á LSH að fengnum tillögum frá stjórn Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Stefnt skal að því að ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en 1. nóvember vegna komandi árs.
 - d) LSH greiðir tölvu- og önnur tækjakaup sem að tengjast þjónustu bókasafnsins, en um rekstur húsnæðis verði gert sérstakt samkomulag.
 - e) Þátttaka LSH og HÍ í kostnaði vegna landsaðgangs Landsbókasafns - Háskólabókasafns er utan við þennan samning.

 P.W. / L.P. 

6. Samvinna við Landsbókasafn – Háskólabókasafn.

Aðilar eru sammála um að óska eftir viðræðum við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn um aukna samvinnu með bætta þjónustu og hagræðingu safnanna í huga. Niðurstaða þessara viðræðna liggja fyrir sumar 2014.

7. Gildistími.

Samningurinn gildir til 5 ára frá 1.1.2014-31.12.2018, en endurnýjast eftir það sjálfkrafa árlega nema honum sé sagt sé upp af öðrum hvorum samningsaðila, eða ef fyrirkomulag breytist sbr. 6. grein.


8. Ágreiningur.

Ágreiningi sem upp kemur vegna þessa samnings skal vísað til rektors HÍ og forstjóra LSH til úrlausnar.

9. Uppsagnarákvæði.


Báðir aðilar geta sagt samningnum upp. Eftir uppsögn samnings skulu ákvæði hans gilda í 12 mánuði að telja frá upphafsdegi næsta mánaðar.

Reykjavík 8. nóvember 2013




Kristín Ingólfssdóttir

Rektor HÍ



Páll Matthíasson

Forstjóri Landspítala



Inga Þórsdóttir


forseti Heilbrigðisvísindasviðs HÍ



Sigríður Gunnarsdóttir

framkvæmdastjóri Vísinda- og þróunarsviðs

Landspítala



Ólafur Baldursson

framkvæmdastjóri Vísinda- og þróunarsviðs

Landspítala